

Fréttir frá Íslandi.

Almennar fréttir.

Reykjavík, 18. marz—8. apríl

—Við lok lífna ársins (1913) voru eigur prestsekknaðsins orðnar alls 31,376 kr. 23 aur, og segir biskup sbr. "Nýtt kirkjublað" (1. apríl p. 4.), að þar við megi þó bætja nær 800 kr. vöxt í söfnunarsjóði 1913, er eigi komi þó fram, fyr en í p. á reikningi sjóðsins. Gjafir til sjóðsins námu alls árið, sem leið, 286 kr. 53 aur, sem er nokkru minna, en árið næst áður (alls þá: 314 kr. 94 aur.). Út-býtt verður úr sjóðnum á komandi sumri, að því er "Nýtt kirkjublað" segir alls 1.100 kr.

—Til minningar um konuna sína sáluga, Þuríði G. Runólfssdóttur, hefur hr. Ólafur hreppstjóri í Krókisfjarðarhlíð í Austur-Barðastrandarsýslu, nýlega gætt heilsuhælnu á Vífilsstöðum tvö hundruð krónur.

—Í "Suðurlandi" er þess nýlega getið, að lífin sé í ár alls 25 ár síðan verzlun hófst fyrst á Stokkseyri, og eru þar nú alls þrjár verzlunir. Meðal verzlana þessara er kaupfélagið "Ingólfr" er hefur þar sölueld og mun nú vera einna stærst kaupfélaganna hér á landi.

—Í K.F.U.M. (þ.e. "Kristilegu félaga ungra manna") er talið, að alls hafi hér á landi verið um 300 full-orðinna manna árið, sem leið, og 500 dregja. Auk aðal-deildarinnar í Reykjavík eru og deildir á Akranesi og í Hafnarfirði.

—Í verðöðnum austan fjalls, þ.e. verðöðnum í Arnarsýslu, tóku aflabroðin að lífna 14. marz síðast, og lengust þá, að því er "Suðurland" segir—allt að 15 í hlut á Stokkseyri og 10—20 til hlutar í Þorlákshöfn. Aflabroðin síðan yfirleitt fremur góð.

—Hafis í grendinni—Fregnir, sem bárust frá Ísafirði ný skeið (þ.e. fyrir 4—5 dögum), segja hafisinn hafa sést utarlega í Djúpinu, og séu menn því hærðir um, að íslinn sé kominn á Horni. Til viðbótar hafisfregnum frá Ísafirði, sem getið er hér að framan, þá er nú og frétt orðin, að hafis sé mikill við Húnaflóa. Skip-um því fráleitt fært fyrir Horn, vegna hafisins, sem stendur.

—Aðal-fundur "Gufubátsfélags Norðlendinga" var haldinn á Akureyri 7. marz, síðast. Ákveðið var að greiða hluthófum 5 prósent sem arð, fyrir árið, sem leið. Í stjórnsýslu félagsins voru endurskoðar: Einar verzlunarstjóri Gunnarsson og kaupmennirnir Otto konsull Tullius og Pétur Pétursson. Endurskoðunarmenn voru kosnir: Björn yfirföðugsmaður Lindal og Hallgrímur verzlunarstjóri Davíðsson. Sem framkvæmdarstjóra kaus félagsstjórnin Jakob kaupmann Karlsson. Félagið hefur gufubátinn "Jörund" í ár í förum milli Þórs-hafnar og Kálfsfjallarsvíkur, og nýtur í því skyni alls 9.000 kr. fjárfstyrks úr landsejdi. Að undanförun hafa sumarferðir bátsins verið látnar ná alla leið til Seyðisfjarðar og til Blönduós á Húnaflóa, eða þá sumar þeirra, og vœntir félagið sér nú meiri arðs, er því er hætt.

—Aðeins 3 eru þilskípin, sem í ár ganga til fiskveiða úr Hafnarfirði, og er það eitthvað annað, en opt áður. Á hinn bóginn leggur eigi fátt útlendra botnverpingar talstvert af fiski þar á land, svo að fráleitt þurfa þá Hafnarfirðingar, sem betur fer atvinnuskortinum að kvíða.

—Sýslunefndin í Ragnarvalla-sýslu gerði, árið, sem leið, samþykkt umkynbetur hesta, til þess að koma sem fyrst upp enn betra hesta kyni, en nú er. Samþykktin var staðfest af Stjórnarráðinu 16. des. síðast. (1913).

—Frá Akureyri ganga í ár aðeins tvö skip á hákara-veiðar, og er það lítið, í samanburði við árið, er fyrir nokkru árum var. Á Vestfjörðum hefur hákara-veiðin einnig lagzt nær algjörliga niður, á seinni árum.

—Landmannsbanken hefur 3r:ð sem leið grætt 6,955,072 krónur. Hluthafar hafa fengið 6 prósent.

—Mármara líkneski Carls heitins Jakobsens bruggara, sem nýlega er látinn, er nú áforað, að reist verði í ráðhúsi Kaupmannahafnar.

—Viðskiftavelta Danmerkur árið 1913 var þannig: Aðfluttar voru námu 779 milljónum króna og útfuttar voru 636 milljónum, til samans 1415 mill., eða 80 milljónum meira en 1912. Fyrir 10 árum var öll viðskiftaveltan 796 milljónum, og hefur hún þannig tvöfaldað á einum tíu árum.

—Í smábænum Skive á Jótlandi var fyrsti þjóðkjörni borgmeistarinn kosinn 5. f.m. Kosningu hlaut jafnaðarmaður, alþýðukennari. Hann fékk 880 atkvæði, en keppinautur hans, Müller banka stjóri fékk 790, rúm 87 prósent af kjósendum kusu.

—"Gjennem den hvide Ørken" (þ.e.: "Gjennem hvíta eyðimörkina") er nafnið á bókinni, sem Koch Grenlandsfari, hefur ritað um Grenlandsförsu sína. Bókin er alls 286 bls., og gefin út af Gyldendals-bókaverzluninni. Í bókinni eru eigi all-fáar ljósmyndir, og enn fremur ýms málverk eftir Achton Friis málara. Bókin því yfirleitt eigneleg og skemmtileg.

—Kjálfski biskupinn, sem nú er í Kaupmannahöfn, Jóhannes von Eue, varð áttáttur 21. janúar s.l. (1914), fæddur í Hannover 21. jan. 1834. Hann er fyrsti kjálfski biskupinn, sepi verið hefur í Danmörku síðan síðabótinn ruddi sér þar til rúms, og hefur gegnt embættinu frá 22. febrúar 1892, er kjálfski biskupsstóllinn var settur þar á fót. Fyrir hálfri öld voru aðeins 400 kjálfskir menn í Kaupmannahöfn, en eru nú orðnir 24 þús. alls, er með ur taldir Pólværar, sem þar hafa sést að. Jóhannes biskup en sagður mjög óþul starfsmáður kirkjunnar, og kjálfskum mönnum í Danmörku ú því og fremur stöðugt að fjölga, þótt hægt fari.

—Árið 1912 var tölu kastað á öfl ávaxtatrén, sem til eru í Danmörku, og töldust þau þá alls, fimn milljónir, fjögur hundruð þrjátíu og fjórar þúsundir. Mest er af epla-trjánnum, talsvert á þriðju milljónina. Að því er á hinn bóginn snerti: peru—, plómu— og kirsibjör-trén, nær ekkert þeirra milljóninni.

NOREGUR

—Háskóla-bókhladan í Kristianu safnar nú saman, í eina heild, öllu, stóru og smáu, er ritað var árið 1814 um atburðina, er þá gerðust, þ.e. um skilnað Noregs og Danmerkur, þingið á Eidsvelli, o.fl. o.fl. Allt þetta verður síðan til sýnis, meðan er þjóðhátíðarhaldið stendur yfir í Noregi í ár.

—Norskur prestur, Smith að nafni hefur nýlega komið á fót bindindisfélagi í Kautökeinu í Finnmark, þ.e. í þeim hluta Lappímerkur, er Noregi lýtur. Félagsmenn eru alls 20—30, í blaðinu "Spejleren" segir, að þetta sé fyrsta bindindisfélagið, sem á fót kemst í Finnmark.

—Norski tónlagasmíðurinn og norðurlandinn Christian Ledén lenti í síðastl. októbermánuði (1913) í skipreka á Hudson-flóanum og skakkaði þá svo, á höndum og í andliti, áður en til byggða gat komist, að mælt er, að hann missti bæði nef og fingur eigi all-fáa. Tilgangur farar hans var að rannsaka lífnáð-arhættu Eskimóa sem ýtarlegast, kynnað þjóðlögum þeirra o. fl. o.fl. Allir sem Christian Ledén's hafa heyrð getið, samþryggjast honum ódæði, eigi hvað síst út af óláni hans eða óförun. Hann er drjúgur skatturinn, sem heimskauts- og norðurland-ádrar hafa lagt á oss norðurlandabúana—allra tíð síðan Íslendingar hófu fyrst siglingar til Grænlands og Ameríku.

—Ný frimerki verða í ár gefin út í Noregi, til minningar um þjóðhá-tíðarhaldin. Til er mynd af Eids-vallaborginni 1814, eftir Oscar Wer-geland, og verður hún nú—í smáum stíl—á frimerkjum, sem ákveðið er, að byrja ekki að selja, fyr en 17. maí næstkomandi. Í ráði er, að alls verði bótin til 20 millj. blárra 20 aur frimerkja, 20 millj. rauðra 10 aur frimerkja, og 3 millj. grænna 5 aur frimerkja. Ríkissjóður Norðmanna-græðir því ódæði stóré á frimerkja-gjörðinni.

—Nýlega hefur komið til orða, að stofnað verði félag í því skyni, að leiða rafmagnsstraum á sjávarbotni frá Ögum í Noregi til Skagans á Jótlandi. Gera menn ráð fyrir, að ljóðslunni á sjávarbotni megi hafa svo, að rafmagnsstraumurinn haldi sér nokkru veginn, þrátt fyrir vegalengdina.

SVÍÐJÓÐ

—Ríkissjóður Svía keypti árið, sem leið, all-miklar mó-myntir í Smálandi í Svíþjóð, áforað, að nota nú eingöngu mó, í stað kola, til að knýja áfram járnbrautirnar milli Halmstad og Næssjö. Mórinna þá auðvitað steyptur og samþjappaður.

—Í ráði er, að reglubundnum eim-skipaferðum verði nú bráðlega komið á milli Gautaborgar, Bretlands, og Ameríku. Svíar vita, sem er, að þeir hafa þó eigi sjálfir nægilegan flutning, og því er og í ráði, að lögð verði járnbraut um norður-héruðin í Svíþjóð, yfir Finnland, til Rússlands.

—Svenska þingið rofið 5. f.m. var neðri deild þingsins rofin, til þess að gefa kjósendum kost á að láta í ljósi allt sitt um landvarnarfrum-varp í Danmarskjóðsraðneytisins. Þar er gjört ráð fyrir að herþjóð-ustunástímin verði hér eftir 340 dagar, reistir nýir kastalar og flot-inn aukinn að mun. Kostnaðinn við hinar auknu landvarnir hefur ráðneytið gert ráð fyrir að fá borg-aðnað með sonefndu landvarnar-gjaldi, er kemur harðast niður á auðmónum og hærri gjaldendum. Í konungsboðskap sínum lýsir kon-ungur því yfir, að það sé fjárfi sér að hafa í byggju að auka völd sín. Einkunnarorð sín séu: "Með þjóð-inni fyrir ættjóðina" Gert er ráð fyrir að kosningabaráttan verði harðari en dæmi eru til í Svíþjóð.

—Í Jamtlandi í Svíþjóð—fylki, er áður var partur af Noregi, en látið af hendi við Svía, er friðurlinn í Bromsbro var saminn, árið 1645—segir norska blaðið "Gula Tidend"—að talað sé enn sama málið, sem í sveitum í Noregi, en að Svíar hafi—og þá eigi hvað síst síðan ríkin skildu að fullu og öllu, árið 1905,—lagað mun áherzlu á að útrýma því og koma inn sennskinni. Það eru skólarinn, sem að þessu vinna og verður þá og að líkindum sé meira og meira ágegn.

—Senskur maður, Carl Tirén að nafni, hefur um tíma dvalið hjá Fjalla-Löppum, og safnað 500—600 þjóðlögum þeirra. Hann endi til kaffi-drykkju mikillir í Lappmörku bauð þangað Fjalla-Löppum, og lét þá synja fyrir sig þjóðsöngva sína. En "gramofón" (þ.e. hljóðgema) lét hann þá jafnframt nema öll lögin og getur því lofað hverjum að heyrja þau sem vill.

Til gamans.

Gömul raða.

(eftir Suðurlandi)

Presturinn Rothenberg hélt eftir-farandi minningarráð sama dag-inn og hans háttig Friðrik V. dó. (1766). [Var dælitíð hjr karlinn:]

Í nafni guðs föðurs, sonar og ánda hellags. Á vor höfuðkórana er döttin af því við höfum syndgað, þú og ég—og öll hin löglega sam-koma hefur einnig syndgað.—(Söfn-uðurrinn ökyrist).—Viljið þið annars nokkuð þarna, ef ekki, þá hafið augun á sjálfum ykkur, en einblínið ekki á mig. Nú, í dag, á þessum dinnu, þá, leiðinlega degi erum við orðsins þjónar og þjónust-ustúkur, öll saman samankomin hér til að heyrja þann leiðinlega boð-skap, að vor stjórnari Friðrik V. konungur yfir Svíþjóð, Holsten og Lalandi og Dittmarsken og þar að auki greifi öðla annars konungs-rikja m. fl., hann er dauður í dag—og verður því grafinn með allri við-höfn og dýrð.—Ef þið viljið nokkuð þarna á bekkjunum, þá segið strax til þess. Á, æ, konungur vor, hinn voldugi konungur vor er dauður.—Faðir vor, þú sem ert o.s.frv. Teksti dagsins stendur skrifður í 1. Mos-es bók 19. kap 31. vers, og getið þið sjálf athugað hann við tækifæri.

Alt sem hægt er þarna að segja er þetta: Verið konungur, verið guðir og hér á jörðinni, þið hljótið að deyja, þið erðið manneskjur, eins og aðrar skepnur—eins og þú og ég! Ö, þá veselið dauði! og konungur okkar er þá líka dauður og höfuðkórónan fokin úti veður og vind: dauðinn hefur gert okkur hálf þjóða, og þess vegna er hinn-ungi konungur Krist-

ROYAL HOUSEHOLD FLOUR

Brúkaðu

Ogilvie's Royal Household Flour

Þegar þú brúkar Ogilvie's Royal Household Flour þá ertu viss um að fá gott brauð. Það er æðinlega jafngott og betra en nokkurt annað mjöl.

I gott brauð, pies, kökur, og alskonar sætabrauð. Það er meira selt af Royal Household Flour í vestur-hluta álfunnar en af nokkru öðru mjöli. Þú ert þér matvörusalanum ROYAL HOUSEHOLD.

The Ogilvie's Flour Mills Co., Ltd.
Medicine Hat, Winnipeg, Fort William, Montreal

Ján—þið vitið að við sjáum svo margt og þó ekkert.—Þið skiljið mig ófað.—Viljið þið annars nokkuð—þurfið þið nokkuð að at-huga, þá spyrjið strax—því allt er það útlistað í textanum. Á, kon-ungur okkar Friðrik V. af guðs náð konungur yfir Danmörk og Noregi, Slesvik og Hollandi, Dermerhorst og Jótlandi, hertogi Vinda og Gauta greifi og einvaldsheerra og fursti og konungur og keisari. En æ, Krist-ján konungur, ó, að hinn litliljör-legi geti um síðir glæst með þeim volduga, hversu mörgum breyting-um sem við erum háð—æ, við höfum syndgað. Höfuðkórónan er úr sög-unn. Þegar óskir og andvörp heyrast þessa daga að við séum veslar skepnur, þá, þessvegna tók Guð frá okkur hinn volduga kon-ung Friðrik V., konung Danmerkur Noregs og Svíþjóðar og Guíen-strandar, Tráukebar og Íslands, Sjálands og Fjöns og fjölda annara landa, sem hvorki þið eða ég þekki.

Þessvegna eigum við að vera börn-um líkir, en þó sem síðsamir, hyngrir menn og nota skynsemina og sjálfir rannsaka ástæðurnar, hvort sem þær eru beinar eða bognar, svartar eða hvítar.—Hvað er það að þið hafið þarna, þegið eins og fiskar—og athugið vel orð textans. Frið-rik konungur V., konungur Dan-merkur og Noregs, Bornholms og Attana, sem við í dag grátum og þrjúkum yfir, er dauður og viljum við af hjarta óska að sonur hans og fjöldi annara konunga og frænda mætti auðnast að stjórna okkur til veraldarinnar enda, svo að við um síðir gætum sagt, þegar guði þókn-ast, komj til mín hin föðurlega blessun; erfið allt hið himneska konungsríki.

Í Jesu nafni, segið mér—Lengra komst Rothenberg ekki. Datt hann í þrjúkunarstólnum og var borinn burt. Hann var nokk-ru seinna dæmdur frá kjól og kalli.

Ísland í dönskum blöðum.

(Eftir Vísí).

Í blaðið Hovedstaden ritar And-reas Gran í Flensborg á Suður-Jótlandi grein 27. f.m. um saman-burð á ástöðu Íslendinga gagn-vart Dönum og ástöðu Suður-Jóta gagnvart þjóðverjum. Grein-in er af göðgírni og réttisvíni rituð í varð gærd Íslendinga. Hóf. vill unna oss fulls sjálfstæðis í sam-bandinu við Danmörku, ef hugur stendur til á báða böga, en skiln-aðar við Dani í göðu, ef ekki sé annars kostur. Hann kveðst ekki geta betur séð, en Íslendingar eigi rétt á, að fá sérstakan fana, ef þeir vilja, hve súrt í brotið, sem Dönum þyki það, að—Dannebrog dugi þeim ekki framar". Íslend-ingum verði ekki láð, þótt þeir vilji hafa sérstakan fana, sem sér-stök þjóð, og í því máli hafi eng-in önnur þjóð síðerðislega rétt til að svifta því ráðum. Danir megi ekki gjöra sig seka í því, er þeir saki þjóðverja um í fram-komu þeirra gegn Suður-Jótum,—þeir verði að hreyta við Íslend-inga eins og þeir heimti af þjóð-verjum, að þeir breyti við þá.

Eftir því sem Korsör Avis, 26. f.m. skýrir frá, hefur fánamál Ís-landinga verið rétt á fundum með forsetum lands- og fólksþingsins danska, flokksforingjunum og for-sætisráðherranum, og flokksfor-ingjarnir aftur borið málið undir

Ísland og Ameríka.

Ein arðmesta búskapargrein Norðurlands er hrossaræktin,—hrossin eru mönnum svo fyrir-hafnarlitil og kostnaðarlitil. En arðmeiri gæti hún orðið, ef meiri stund væri lögð á, að stækka ís-lenkna hrossamarkaðinn í útlönd-um. Nú um nokkur ár munu helztu hrossakaupmenn vera Sví-ar og Skotar. Er íslenski hestur-inn farinn að þekkjast vel í þeim löndum báðum, og þykir nytsemd-ardýr, einsof hann líka er. Er sagt, að flest íslensku hrossin, sem seld eru til Svíþjóðar, séu keypt af smábændum semsku, og þykja þau hentugri þeim, bæði vegna þess, hvað þau eru þurftar-litil og mun ódýrari en hinir stærri hestar.

Hér í Ameríku má segja, að ís-lencki hesturinn sé með öllu ó-þekktur. Etti hér þó að vera mikil sala fyrir íslensk hross, einkum í Austurfríkykjum og Ný-Englands ríkinum í Bandaríkjunum. Mest af landi þar er komið í smágarðir.

Hagar þar ekki ósvipað til og í Svíþjóð: land hæðt og víða hrjóstrugt, þó frjósam, vegna rektunar. Að visu kann að virð-ast, að tollur sé, sem lagður er á innfluttan búpening, myndi gjöra þá verzlun arðlíta fyrst um sinn, en það mun ekki vera rétt álitið. Meiri líkur eru til, að flytja mætti íslensk hross til Canada og Banda-rikanna, án þess að þurfa að greiða nokkurn toll af þeim. Til eru lög í báðum löndunum, er heimila innflutning og sölu búpen-ingis, sem talinn er sérstakur: teg-undar, eða af þettu kyni. Nú eru engin hross, sem fremur mega teljast sérstakrar tegundar, en ís-lencki hesturinn, sem ef til vill er elztu hrossakyn í heimi. Með því hrossaverði, sem nú er í Ameríku, þetta frá \$150 alt upp í \$500 fyrir hestinn, atti íslenski hesturinn að geta gengið hér í göðu verði. Og ekki ætti flutningurinn að þurfa að verða of kostnaðarsamur, ef farið væri beina leið. Leiðin ekki ýkja löng beint yfir haf.

Um þetta mál hefi átt að skrifa í amerísku bínaðarritin, og hafa eitthvað af íslenskum hrossum til sýnis, í samanburði við þá, er fyrir nokkru árum var. Á Vestfjörðum hefur hákara-veiðin einnig lagzt nær algjörliga niður, á seinni árum.